

Aðkeyrsla að opnu svæðunum í Holtsbúð

Sent

:

26.5.2017 11:18:46

Höfundur

:

Ragnheidur Stefansdóttir <ragnheidurstefansdottir@hotmail.com>

Góðan daginn.

Við erum íbúar í Holtsbúð 10 og förum eindregið fram á að aðkeyrsla að vesturhluta opna svæðisins í Holtsbúð verði opnuð að nýju.

Þar til fyrir nokkuð mörgum árum voru innkeyrslur inn á opnu svæðin í Holtsbúðinni austast á austursvæðinu og vestast á vestursvæðinu. Fyrir all nokkrum árum létu íbúar við innkeyrsluna á vestursvæðinu trjágróður vaxa út yfir innkeyrsluna. Nokkru síðar setti bærinn upp hlið við innkeyrsluna þannig að hliðstólparnir er ekki við lóðamörkin heldur þar sem trjágróðurinn hætti að slúta yfir, þannig að hliðið er of þröngt fyrir farartæki komist þar um. Síðustu ár hefur öll umferð vegna vestari hluta svæðisins farið um aðkeyrslu að austan. Þar er um að ræða sláttutæki á vegum bæjarins, einnig gröfur og vörubílar þegar íbúar vestur hluta götunnar eru að taka sínar lóðir í gegn.

Fyrir ofan húsin 8 og 10 er stígur sem tengir þessi svæði. Stígurinn er varla nógu breiður fyrir stór farartæki og auk þess þverar hann göngustíg sem liggur ofan úr Lundum niður að Hnoðraholtsbraut og er þessi göngustígur mikið notaður sérstaklega af börnum og unglingum, gangandi og hjólandi. Þar sem þessi þverun er mjög blint horn sem hlítur að teljast mjög hættulegt þegar um umferð stórra tækja er að ræða.

Auk þess er þarna töluverður bratti niður á lóðirnar 8 og 10 og jarðvegur sígur þar undan þunga stórra farartækja.

Það er eindregin ósk okkar að aðgangur að vestur hluta opna svæðisins verði opnaður aftur (hliðið fært eða tekið) svo að umferð sé ekki beint um mjóan stíg fyrir ofan lóð okkar sem þrýstir jarðveginum niður hallann í lóðinni auk þess sem umferð

þarna um er stórhættuleg gangandi og hjólandi íbúum bæjarins sem fara þarna um.

Þetta er ekki fyrsta bréfið sem við skrifum bæjaryfirvöldum varðandi þetta efni en kannski rötuðu fyrri bréf ekki rétta leið.

Með von um góðar undirtektir.

Ragnheiður Stefánsdóttir
Guðjón Á. Luther
Holtsbúð 10
Garðabæ